

Kennarar: Kristín Björk Hallvarðsdóttir, Lís Mjöll Ægisdóttir, Rebekka Rós Reynisdóttir og Sigurrós Hrefna Skúladóttir.

Tímafjöldi: 3 kennslustundir

Kennslufyrirkomulag: sjálfstæð vinna, hópavinna, vettvangsferðir

Bekkur: 1. og 2. bekkur

Frjáls leikur
<p>Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild. Börnum er leikur sjálfsprottin leið til náms- og þroska. Í grunnskóla er mikilvægt að viðhalda þessari aðferð í skólastarfi og þróa hana eftir því sem nemendur eldast. Leikurinn er leið ungra barna til að læra á heiminn og læra um heiminn. Miklu skiptir að leiknum sem námsaðferð sé gert hátt undir höfði í grunnskóla. Með sameiginlegum frjálsum leik nemenda í 1. og 2. bekk leggjum við áherslu á að nemendur fái að njóta sín á sínum forsendum í frjálsum leik, þjálfri félagsfærni sína sem og samvinnu og þátttöku með öðrum nemendum.</p>

Listir og sköpun			
Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið:	Leiðir:
Samskipti Samvinna Félagsfærni Hópavinna	Námsefni er fjölbreytt og fer eftir hvaða áhugasvið nemandi velur sér hverju sinni	Að nemandi þjálfri samskipti við félag Tengi áhugasvið sitt við námið. Geti unnið út frá eigin styrkleikum Sýnt virðingu og jákvæð samskipti í leik	Samræður milli nemenda og/eða kennara Hópavinna Sjálfstætt val
Námsmat: Þátttaka nemenda, samvinna: hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.			